

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002 - 2014.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfisráðherra þann 9. júlí 2002 staðfest aðalskipulag Húnaþings vestra 2002-2014.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Sveitarstjórn Húnaþings vestra hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Ytri-Torfustaðahrepps 1996-2016, aðalskipulag Hvammstanga 1992-2012 og aðalskipulag að Reykjum við Hrutafjörð 1994-2014.

Umhverfisráðuneytinu, 9. júlí 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.